

# ÁRSSKÝRSLA ALÞINGIS

STÖRF 124. LÖGGJAFARÞINGS  
REKSTUR ÁRIÐ 1999



## *Efnisyfirlit*

---

Formáli	5
Inngangur	6
Forsætisnefnd	7
Þingstörfin	8
Þingfundir .....	8
Þingmál á 124. löggjafarþingi .....	9
Þingnefndir .....	10
Þingflokksfundir .....	12
Þingmenn og þingflokkar	13
Alþingismenn kjörnir 8. maí 1999 .....	13
Þingflokkar á 124. þingi .....	14
Erlend samskipti	15
Alþjóðastarf á vegum forseta Alþingis .....	15
Alþjóðanefndir .....	16
Annað .....	16
Tækni- og upplýsingamál	17
Skrifstofa Alþingis	19
Yfirstjórn skrifstofu Alþingis .....	19
Starfsfólk .....	20
Húseignir þingsins	21
Sérstök verkefni	22
Stofnanir Alþingis	23
Umboðsmaður Alþingis .....	23
Ríkisendurskoðun .....	23
Rekstur Alþingis	25
Rekstrargjöld .....	26
Staðfesting forseta Alþingis og yfirstjórnar stjórnslu .....	27
Áritun endurskoðenda .....	27
Rekstrarreikningur .....	28
Efnahagsreikningur .....	29
Skýringar með ársreikningi .....	30



## Formáli

---



Hér kemur fyrir almenningssjónir önnur ársskýrsla Alþingis. Skýrslan nær yfir 124. löggjafarþing (aukaþing) sem hófst 8. júní og lauk 30. september 1999. Í ársskýrslunni er greint frá þingstörfum á 124. þingi (þingstörfin stóðu frá 8.–16. júní) og rekstri Alþingis fjárhagsárið 1999.

Fyrsta ársskýrslan um störf og rekstur Alþingis kom út í apríl 1999 og var það nokkurs konar tilraunaútgáfa. Það hefur sýnt sig að full þörf er á aðgengilegu tölulegu yfirliti um störf Alþingis og rekstur þess og því hefur verið ákveðið að gera ársskýrsluna að föstum lið í útgáfustarfi þingsins.

Skýrslan verður sem fyrr send alþingismönnum, ráðuneytum og stofnunum ríkisins og fjölmiðlum, svo og þeim sem þess óska. Þá verður skýrslan birt á vef Alþingis.

Ég færi þeim starfsmönnum Alþingis sem tekið hafa skýrsluna saman þakkir mínar.

*Alþingi 15. nóvember 2000,*

*Halldór Blöndal,  
forseti Alþingis.*



Alþingi kom saman til fyrsta fundar síns á nýju kjörtímabili þriðjudaginn 8. júní 1999 en samkvæmt stjórnarskránni, eins og henni var breytt 1991, skal stefna Alþingi saman eigi síðar en 10 vikum eftir almennar alþingiskosningar. Var þetta 124. löggjafarþing og jafnframt 23. aukarþing í röðinni frá því að Alþingi var endurreist. Ekki reyndist unnt að hlýða á guðsþjónustu í Dómkirkjunni að þessu sinni þar sem yfir stóðu endurbætur á kirkjunni og var þingsetningin því með nokkuð öðrum hætti en venja er til. Þingfundir stóðu til 16. júní 1999 og var þá störfum Alþingis frestað til septemberloka, en ýmsar fastanefndir þingsins komu saman til funda um sumarið.

Eftirtekt vekur hversu mikil endurnýjun hefur orðið í röðum alþingismanna á undanförunum tveimur áratugum. Sé tekið mið af tímabilinu frá 1983 er endurnýjunin rúm 90%; einungis sex núverandi þingmanna höfðu verið kosnir á þing fyrir þann tíma. Þessar öru breytingar væru vissulega verðugt rannsóknarefni eins og forsætisráðherra vék að í stefnuræðu sinni.

Eitt af helstu verkefnum aukarþingsins var að afgreiða frumvarp til breytinga á stjórnarskránni. Frumvarpið fól í sér breytingar á kjördæmaskipuninni og tilhögun kosninga til Alþingis og var þetta síðari staðfesting Alþingis á málinu, svo sem stjórnarskrá kveður á um, en frumvarpið hafði verið samþykkt á 123. þingi, 25. mars 1999. Eru nú í ár lið-

in nákvæmlega 40 ár frá því að síðast voru gerðar breytingar á mörkum kjördæma.

Í fyrstu ársskýrslu Alþingis, sem kom út í fyrra, var frá því greint að eitt mikilvægasta verkefnið í rekstri Alþingis á árinu 1998 hefði verið undirbúningur að byggingu þjónustuskála vestan við Alþingishúsið þar sem m.a. yrði matsalur, móttökusalur fyrir þingmenn, aðstaða til að taka á móti hópum sem vildu kynna sér störf þingsins, almenn upplýsingaaðstaða og nútímaleg aðstaða fyrir blaðamenn. Byggingarframkvæmdum við 1. áfanga skálans er nú lokið og í framhaldi af því hafa húsnæðismál Alþingis í heild verið tekin til endurskoðunar eins og nánar er lýst í kaflanum um húseignir Alþingis. Lengi hefur staðið til að gera bragarbót í húsnæðismálum Alþingis, bæta aðstöðu þingmanna og skapa þeim betri starfsskilyrði, en þá þarf líka að gæta þess að uppbygging skrifstofunnar haldist í hendur við breyttar aðstæður svo að hún geti veitt þá þjónustu sem nýir tímar og örar tækniþróunir krefjast.

Um starfsemi Alþingis og reksturinn að öðru leyti vísast til þess sem segir hér á eftir.

*Friðrik Ólafsson,  
skrifstofustjóri Alþingis.*

## Forsætisnefnd

Á þingsetningarfundi 8. júní 1999 var Halldór Blöndal kjörinn forseti með 33 atkvæðum en 26 greiddu ekki atkvæði. Á fundi sama dag voru kjörnir varaforsetar án atkvæðagreiðslu Guðmundur Árni Stefánsson, Guðjón Guðmundsson, Ísólfur Gylfi Pálmason og Árni Steinar Jóhannsson. Skipuðu þeir forsætisnefnd ásamt forseta Alþingis. Fundi forsætisnefndar sitja jafnan Friðrik Ólafsson skrifstofustjóri, Helgi Bernóðusson aðstoðarskrifstofustjóri, Karl M. Kristjánsson, rekstrar- og fjármálastjóri, og Þorsteinn Magnússon, forstöðumaður almennrar skrifstofu, sem er ritari forsætisnefndar. Á 124. löggjafarþingi 1999 voru haldnir níu fundir í forsætisnefnd.

Verkefni forsætisnefndar er einkum að skipuleggja þinghaldið (m.a. að gera starfsáætlun og vikuráætlanir), hafa umsjón með alþjóðasamstarfi sem Alþingi tekur þátt í, gera fjárhagsáætlanir fyrir þingið og stofnanir þess, sem og rekstraráætlun Alþingis, og setja almennar reglur um rekstur þingsins og stjórnarsýslu. Nefndin fjallar enn fremur um málefni þeirra stofnana sem undir Alþingi heyra, þ.e. umboðsmanns Alþingis, Ríkisendurskoðunar og Húss Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn.

Þau mál, sem hafa tekið mestan tíma á fundum nefndarinnar á 124. löggjafarþingi, eru húsnæðismál, einkum framkvæmdir við byggingu þjónustuskála við Alþingishúsið og leiga á húsnæði fyrir fastanefndir og skrifstofur þingmanna, umfjöllun um fjárlagatillögur fyrir Alþingi og stofnanir þess fyrir árið 2000 og skipulagning erlendra samskipta.



*Forsætisnefnd og skrifstofustjóri Alþingis: Halldór Blöndal forseti, Guðjón Guðmundsson 2. varaforseti, Árni Steinar Jóhannsson 4. varaforseti, Friðrik Ólafsson skrifstofustjóri, Ísólfur Gylfi Pálmason 3. varaforseti og Guðmundur Árni Stefánsson 1. varaforseti.*

## Þingstörfin

Forseti Íslands setti 124. löggjafarþing 8. júní 1999 að lokinni helgistund í þingsalnum en viðgerð stóð yfir á Dómkirkjunni. Þingfundum lauk 16. júní 1999 og var þá þingstörfum frestað til septemberloka. Þingfundir voru níu á sex þingfundardögum.

Það mál sem hæst bar á þessu stutta sumarþingi var frumvarp til stjórnarskipunarlaganna sem hlaut endanlega afgreiðslu 16. júní. Þar samþykkti Alþingi breytingar á kjördæmaskipun og tilhögun kosninga til Alþingis.

Frumvörp voru alls þrjú og varð eitt þeirra að lögum. Tillögur til þingsályktunar voru fimm og voru tvær þeirra afgreiddar sem ályktanir Alþingis.

Í töflu um þingmál má sjá nánari sundurliðun á því hve mörg mál voru lögð fram, flytjendum, afgreiðslu málanna og hvort afgreiðslan var samhljóða eða ágreiningur varð.


Umræður utan dagskrár voru þrjár og hófu stjórnarandstöðupingmenn þær allar. Hvorki voru

lagðar fram skýrslur né beiðnir um skýrslur. Athugasemdir um störf þingsins voru gerðar fjórum sinnum.

### Þingfundir

Heildarfundartíminn á 124. löggjafarþingi var 26½ klst. Megintíminn fór í umræður um frumvörp, 10 klst., og þingsályktunartillögur, 8 klst. Svör við fyrirspurnum, bæði munnlegum og óundirbúnum, stóðu í 1 klst. og utandagskrárumræður voru í tæpar 2 klst. Stefnumæða forsætisráðherra og umræða um hana stóðu í 2½ klst. Engar umræður urðu um skýrslur á 124. þingi. Atkvæðagreiðslur stóðu í 15 mín., og umræður um störf þingsins í upphafi fundar tóku alls um hálf klst. Loks tók ýmislegt annað (t.d. tafir milli dagskrárlíða, umræða um fundarstjórn forseta, tilkynningar forseta, útbýting þingskjala, kosningar, varamenn og setning og slit þingfunda) 2 klst. og 15 mín.

SKIPTING HEILDARFUNDARTÍMA Á 124. LÖGGJAFARÞINGI





*Þingmál á 124. löggjafarþingi.*

<i>Flytjendur</i>	Frumvörp til laga	
Ríkisstjórnin	Frumvörp alls: 1 Lög: 1 Afgreidd samhljóða: 0 Ágreiningur: 1	Vísað til ríkisstjórnarinnar: 0 Kölluð aftur: 0 Óafgreidd: 0
Stjórnarþingmenn	Frumvörp alls: 0	Vísað til ríkisstjórnarinnar: 0
Stjórnarandstöðu- þingmenn	Frumvörp alls: 2 Lög: 0 Afgreidd samhljóða: 0 Ágreiningur: 0	Vísað til ríkisstjórnarinnar: 0 Óafgreidd: 2
Nefnd eða meiri hluti nefndar	Frumvörp alls: 0	
<i>Flytjendur</i>	Tillögur til þingsályktunar	
Ríkisstjórnin	Þingsályktunartillögur alls: 2 Þingsályktanir: 2 Afgreiddar samhljóða: 1 Ágreiningur: 1	Vísað til ríkisstjórnarinnar: 0 Óafgreiddar: 0
Stjórnarþingmenn	Þingsályktunartillögur alls: 0	
Stjórnarandstöðu- þingmenn	Þingsályktunartillögur alls: 3 Þingsályktanir: 0 Afgreiddar samhljóða: 0 Ágreiningur: 0	Vísað til ríkisstjórnarinnar: 0 Fellðar: 0, rökst. dagskrá: 0 Óafgreiddar: 3
Nefnd	Afgreiddar sem ályktanir (samhljóða): 0	
<i>Flytjendur</i>	Fyrirspurnir	
Stjórnarþingmenn	Munnlegar: 0 Skriflegar: 0 Óundirbúnar: 0	
Stjórnarandstöðu- þingmenn	Munnlegar: 3 Skriflegar: 2 Óundirbúnar: 8	Þar af svarað: 2 Þar af svarað: 1 Kallaðar aftur: 0 Öllum svarað



David Oddsson forsætisráðherra flytur stefnureðu ríkisstjórnar sinnar á þingsetningarfundi 124. löggjafandi Alþingis 8. júní 1999.

### Þingnefndir

Fastanefndir Alþingis eru tólf: allsherjarnefnd, efnahags- og viðskiptanefnd, félagsmálanefnd, fjárlaganefnd, heilbrigðis- og trygginganefnd, iðnaðar- nefnd, landbúnaðarnefnd, menntamálanefnd, sam- göngunefnd, sjávarútvegsnefnd, umhverfisnefnd og utanríkismálanefnd, auk kjörbréfanefndar sem hef- ur það verkefni að rannsaka kjörbréf nýrra þing- manna og varaþingmanna. Þá starfaði stjórnarskrár- nefnd á 124. löggjafarþingi.

Kosið var í fastanefndir á fyrsta fundi 124. lög- gjafarþings. Níu þingmenn sitja í hverri fastanefnd fyrir utan fjárlaganefnd en þar sitja ellefu þing-

menn. Til utanríkismálanefndar eru að auki kosnir níu varamenn.

Á 124. löggjafarþingi héldu fastanefndir fundi venju samkvæmt fyrir hádegi þingfundardagana. Alls héldu nefndirnar 37 fundi á þinginu sem stóðu samtals í 59 klst. og 16 mín. Samtals voru boðaðir 116 gestir á fundi nefndanna. Óskað var eftir umsögnum um eitt þingmál.

#### NEFNDASTÖRF Á 124. ÞINGI

Fundir	37
Fundartími (klst.)	59,16
Mál send til umsagnar	1
Erindi til nefnda	59
Afgreidd mál	2



Utanríkismálanefnd skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál, jafnt á þingtíma sem í þinghléum.

Samkvæmt 24. gr. þingskapa skal utanríkis-  
málanefnd vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um  
meiri háttar utanríkismál, enda skal ríkisstjórnin  
ávallt bera undir hana slík mál, jafnt á þingtíma sem  
í þinghléum. Nefndin hélt fimm fundi á 124. þingi  
og fékk 32 gesti á sinn fund.

Af þeim sex þingmálum sem vísað var til nefnda  
voru tvö lagafrumvörp, eitt frá ríkisstjórn en eitt  
flutt af þingmönnum. Stjórnarfrumvarpið var af-  
greitt frá nefnd með nefndaráliti. Af þingsályktun-  
artillögum sem vísað var til nefnda var ein frá ríkis-  
stjórn en þrjár þingmannatillögur. Stjórnartillagan  
var afgreidd með álitum meiri og minni hluta.  
Þingsályktunartillaga um þingfrestun var afgreidd  
við eina umræðu og var henni því ekki vísað til  
nefndar. Nefndirnar luku ekki afgreiðslu á fjórum  
þingmannamálum.

Fastanefndir fluttu engin frumvörp í eigin nafni  
á þinginu og engin nefnd skilaði skýrslu um mál  
sem tekið var upp að eigin frumkvæði, sbr. heimild  
í 26. gr. laga um þingsköp Alþingis.



*Umhverfisnefnd hélt þrjá fundi í 4 klukkustundir og 45  
mín. og sendi út 29 umsagnarbeiðnir um eina þingmálið  
sem lá fyrir nefndinni á 124. þingi.*

Á hverju ári fara flestar fastanefndir þingsins í  
lengri eða styttri vettvangsferðir innan lands. Erlend  
samskipti fastanefnda hafa ekki verið mikil en hafa  
þó aukist á undanförunum árum. Utanríkismála-  
nefnd og umhverfisnefnd eru einu fastanefndirnar  
sem hafa reglubundin erlend samskipti. Einu sinni

### NEFNDASTÖRF Á 124. ÞINGI

	Fundur	Fundar- tími	Mál til nefnda	Nefndar- álit	Skjöl m. brtt.	Umsagnar- beiðnir	Erindi til nefnda	Gestir nefnda	Afgreidd mál	Mál flutt af nefnd
Allsherjarnefnd	2	2 klst.						3		
Efnahags- og viðskiptanefnd	4	10,25 klst.	2				1	31		
Félagsmálanefnd	1	17 mín.								
Fjárlaganefnd	8	19,5 klst.					39			
Heilbrigðis- og trygginganefnd	2	2,35 klst.						6		
Iðnaðarnefnd	3	5,48 klst.						26		
Landbúnaðarnefnd	2	35 mín.								
Menntamálanefnd	1	11 mín.								
Samgöngunefnd	1	5 mín.								
Sjávarútvegsnefnd	4	5,45 klst.						7		
Umhverfisnefnd	3	4,45 klst.	1			29	19	23		
Utanríkismálanefnd	5	5,35 klst.	2	2				32	1	
Stjórnarskrárnefnd	1	85 mín.	1	1				1	1	
Alls	37	59 klst. 16 mín.	6	3	0	29	59	129	2	0



Fjarlaganefnd bærust 39 erindi á 124. löggjafarþingi. Nefndin hélt átta fundi sem stóðu samtals í 19,5 klukkustundir á þinginu. Samtals héldu fastanefndir Alþingis fundi í rúmar 59 klukkustundir.

á ári halda fulltrúar utanríkismálanefndar fund með fulltrúum Evrópuþingsins. Síðasti fundur var haldinn í júlí 1998 í Vestmannaeyjum en á síðasta ári féll þessi fundur hins vegar niður. Fulltrúar umhverfisnefndar hafa tekið þátt í starfi þingmannasamtaka um umhverfismál, GLOBE, og einnig í samstarfi umhverfisnefnda þjóðþinga EES-ríkjanna. Að öðru leyti eru utanlandsferðir fastanefnda ákveðnar sérstaklega hverju sinni. Nokkuð er um heimsóknir þingnefnda frá öðrum ríkjum til fastanefnda Alþingis og utanríkismálanefnd hittir að máli flesta erlenda gesti sem koma til landsins í opinberar heimsóknir. Nokkrir slíkir fundir voru haldnir á 124. löggjafarþingi.

### Þingflokksfundir

Þingflokksfundir eru að jafnaði haldnir tvisvar í viku. Á 124. þingi hélt þingflokkur Framsóknarflokks nýu fundi, þingflokkur Frjálslynda flokksins

nýu fundi, þingflokkur Samfylkingarinnar sjö fundi, þingflokkur Sjálfstæðisflokksins tíu fundi og þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs 14 fundi.

### SKIPAN ÞINGFLOKKA Á 124. LÖGGJAFARÞINGI

Þingflokkar	Fjöldi	Karlar	Konur
Framsóknarflokkur	12	9	3
Frjálslyndi flokkurinn	2	2	
Samfylkingin	17	8	9
Sjálfstæðisflokkur	26	18	8
Vinstri hreyfingin – grænt framboð	6	4	2
	63	41	22

## Þingmenn og þingflokkar

Kosið var til Alþingis 8. maí 1999 og fengu fimm stjórn mála flokkar kjörna fulltrúa á löggjafarþingið. Þeir varamenn tóku sæti á 124. löggjafarþingi.

### *Alþingismenn kjörnir 8. maí 1999*

#### *Reykjavík:*

1. Davíð Oddsson (D),
2. Björn Bjarnason (D),
3. Geir H. Haarde (D),
4. Sólveig Pétursdóttir (D),
5. Jóhanna Sigurðardóttir (S),
6. Lára Margrét Ragnarsdóttir (D),
7. Össur Skarphéðinsson (S),
8. Guðmundur Hallvarðsson (D),
9. Bryndís Hlöðversdóttir (S),
10. Pétur H. Blöndal (D),
11. Guðrún Ögmundsdóttir (S),
12. Finnur Ingólfsson (B),
13. Ögmundur Jónasson (U),
14. Katrín Fjeldsted (D),
15. Ásta R. Jóhannesdóttir (S),
16. Ólafur Örn Haraldsson (B),
17. Kolbrún Halldórsdóttir (U),
18. Sverrir Hermannsson (F),
19. Ásta Möller (D).

#### *Reykjaneskjördæmi:*

1. Árni M. Mathiesen (D),
2. Gunnar Birgisson (D),
3. Sigríður A. Þórðardóttir (D),
4. Rannveig Guðmundsdóttir (S),
5. Þorgerður K. Gunnarsdóttir (D),
6. Guðmundur Árni Stefánsson (S),
7. Sív Friðleifsdóttir (B),
8. Kristján Pálsson (D),
9. Sigríður Jóhannesdóttir (S),
10. Hjálmar Árnason (B),
11. Árni R. Árnason (D),
12. Þórunn Sveinbjarnardóttir (S).

#### *Vesturlandskjördæmi:*

1. Sturla Böðvarsson (D),
2. Ingibjörg Pálmadóttir (B),
3. Jóhann Ársællsson (S),
4. Guðjón Guðmundsson (D),
5. Gísli S. Einarsson (S).

#### *Vestfirðakjördæmi:*

1. Einar K. Guðfinnsson (D),
2. Sighvatur Björgvinsson (S),
3. Kristinn H. Gunnarsson (B),
4. Guðjón A. Kristjánsson (F),
5. Einar Oddur Kristjánsson (D).

#### *Norðurlandskjördæmi vestra:*

1. Hjálmar Jónsson (D),
2. Páll Pétursson (B),
3. Kristján L. Möller (S),
4. Vilhjálmur Egilsson (D),
5. Jón Bjarnason (U).

#### *Norðurlandskjördæmi eystra:*

1. Halldór Blöndal (D),
2. Valgerður Sverrisdóttir (B),
3. Steingrímur J. Sigfússon (U),
4. Svanfríður Jónasdóttir (S),
5. Tómas Ingi Olrich (D),
6. Árni Steinar Jóhannsson (U).

#### *Austurlandskjördæmi:*

1. Halldór Ásgrímsson (B),
2. Arnbjörg Sveinsdóttir (D),
3. Jón Kristjánsson (B),
4. Einar Már Sigurðarson (S),
5. Þuríður Backman (U).

#### *Suðurlandskjördæmi:*

1. Árni Johnsen (D),
2. Guðni Ágústsson (B),
3. Margrét Frímannsdóttir (S),
4. Drífa Hjartardóttir (D),
5. Ísólfur Gylfi Pálmason (B),
6. Lúðvík Bergvinsson (S).

#### *Skammstafanir:*

B = Framsóknarflokkur.

D = Sjálfstæðisflokkur.

F = Frjálslyndi flokkurinn.

S = Samfylkingin.

U = Vinstri hreyfingin – grænt framboð.



*Þingflokkar á 124. þingi*

**Framsóknarflokkur:**

1. Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.
2. Finnur Ingólfsson, 12. þm. Reykv.
3. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
4. Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.
5. Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.
6. Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.
7. Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.
8. Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.
9. Ólafur Örn Haraldsson, 16. þm. Reykv.
10. Páll Pétursson, 2. þm. Norðurl. v.
11. Siv Friðleifsdóttir, 7. þm. Reykn.
12. Valgerður Sverrisdóttir, 2. þm. Norðurl. e.

**Frjálslyndi flokkurinn:**

1. Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.
2. Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.

**Samfylkingin:**

1. Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.
2. Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.
3. Einar Már Sigurðarson, 4. þm. Austurl.
4. Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.
5. Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.
6. Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.
7. Jóhann Ársællsson, 3. þm. Vesturl.
8. Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.
9. Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v.
10. Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.
11. Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl.
12. Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.
13. Sighvatur Björgvinsson, 2. þm. Vestf.
14. Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.
15. Svanfríður Jónasdóttir, 4. þm. Norðurl. e.
16. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.
17. Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

**Sjálfstæðisflokkur:**

1. Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.
2. Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.
3. Árni Johnsen, 1. þm. Suðurl.
4. Árni M. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
5. Ásta Möller, 19. þm. Reykv.
6. Björn Bjarnason, 2. þm. Reykv.
7. Davíð Oddsson, 1. þm. Reykv.
8. Drífa Hjartardóttir, 4. þm. Suðurl.
9. Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.
10. Einar Oddur Kristjánsson, 5. þm. Vestf.
11. Geir H. Haarde, 3. þm. Reykv.
12. Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.
13. Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv.
14. Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.
15. Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e.
16. Hjálmar Jónsson, 1. þm. Norðurl. v.
17. Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.
18. Kristján Pálsson, 8. þm. Reykn.
19. Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.
20. Pétur H. Blöndal, 10. þm. Reykv.
21. Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.
22. Sólveig Pétursdóttir, 4. þm. Reykv.
23. Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.
24. Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.
25. Vilhjálmur Egilsson, 4. þm. Norðurl. v.
26. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.

**Vinstri breytingin – grænt framboð:**

1. Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e.
2. Jón Bjarnason, 5. þm. Norðurl. v.
3. Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.
4. Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.
5. Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.
6. Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.

## Erlend samskipti

### *Alþjóðastarf á vegum forseta Alþingis*

Forseti Alþingis, Halldór Blöndal, var í opinberri heimsókn í Róm í boði forseta neðri deildar ítalska þingsins, Luciano Violante, dagana 15.–16. september 1999. Forseti Alþingis átti fundi með Violante og nokkrum öðrum þingmönnum neðri deildar ítalska þingsins. Forseti Alþingis átti jafnframt viðræður við forseta Ítalíu, forseta efri deildar ítalska þingsins og aðstoðarutanríkisráðherra Ítalíu.

Forseti Alþingis fór í heimsókn til Manitoba-fylkis í Kanada í boði fylkisstjórnarinnar dagana 20.–24. september. Hann hitti m.a. að máli forseta Manitoba-háskóla og aðra yfirmenn skólans, fylkisþingmenn, ráðherra og forustumenn Vestur-Íslandinga.

Árlegur fundur þingforseta Norðurlanda var haldinn 6.–14. ágúst, að þessu sinni á Svalbarða í boði forseta norska Stórþingsins. Rætt var um samstarf þinganna á alþjóðavettvangi og fyrirkomulag þingfunda Norðurlandaráðs. Þá var sérstök umræða um hlutverk þjóðþinganna í utanríkismálum. Auk hefðbundinna fundarhaldna sigldu forsetarnir um Svalbarðasvæðið, hlýddu á fyrirlestra um Svalbarða og skoðuðu rannsóknaraðstöðu.

Forseti Alþingis var viðstaddur hátíðahöld í til efni af 50 ára afmæli þýska þingsins (Bundestag og Bundesrat) í Bonn og Berlín 5.–7. september, ásamt öðrum þingforsetum Evrópuráðsríkja.

Þingið í þýska sambandslandinu Schleswig-Holstein býður Alþingi árlega til þátttöku í Kílarvikunni svokölluðu. Það býður þingmönnum frá Norðurlöndum, Eystrasaltsríkjum, Póllandi, Rússlandi og víðar til tveggja daga ráðstefnu um málefni sem efst eru á baugi, t.d. öryggismál og umhverfismál. Kílarviku, 19.–22. júní 1999, sótti 2. varaforseti Alþingis, Guðjón Guðmundsson, ásamt Svanfríði Jónasdóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

Á eyggi Mön fer árleg þingsetning fram í júlí undir berum himni á Þingvöllum eða „Tynwald“ eins og þeir heita þar. Þekking Manarbúa nú á fyrirkomulagi þingstarfsins til forna kemur að mestu úr íslenskum bókmenntum. Alþingi er boðið til



*Forsætisráðherra Japans, Keizo heitinn Obuchi, heimsótti Alþingishúsið ásamt eiginkonu sinni 23. júní 1999.*

þingsetningarinnar ár hvert. Fulltrúi Alþingis að þessu sinni var Halldór Blöndal, forseti Alþingis.

Þegar þjóðhöfðingjar og forsætisráðherrar heimsækja Ísland í boði stjórnvalda er venja að þeir komi í heimsókn í Alþingishúsið og eigi fund með forseta Alþingis og þingmönnum. Á það oft jafnframt við um fagráðherra er koma hingað til lands í opinberum erindagjörðum.

Eftirtaldir tignargestir heimsóttu Alþingishúsið á 124. þingi:

Forsætisráðherra Japans, Keizo heitinn Obuchi, kom í heimsókn í Alþingishúsið miðvikudaginn 23. júní 1999.

Forseti Eistlands, Lennart Meri, kom í heimsókn í Alþingishúsið þriðjudaginn 14. september 1999.

Jafnframt heimsóttu Alþingishúsið eftirfarandi fagráðherrar:

Aðstoðarheilbrigðisráðherra Kína, dr. Yin Dakui, heimsótti Alþingishúsið 28. júní 1999.

Landbúnaðarráðherra Noregs, Kåre Gjønnes, kom í heimsókn í Alþingishúsið mánudaginn 9. ágúst 1999.

Til viðbótar tók forseti að venju á móti erlendum sendiherrum sem óskuðu eftir fundi með honum, oftast í tengslum við afhendingu trúnaðarbréfs.

### Alþjóðanefndir

Á Alþingi starfa átta alþjóðanefndir (Íslandsdeildir alþjóðlegra þingmannasamtaka) sem sinna þátttöku þingsins í þeim alþjóðlegu þingmannasamtökum sem Alþingi á aðild að. Á 124. þingi störfuðu alþjóðanefndir með venjubundnum hætti. Nýjar nefndir voru kjörnar í kjölfar alþingiskosninga og héldu þær allar fundi á fyrstu vikum nýs þings og kusu sér formann og varaformann. Nefndirnar voru kosnar samkvæmt nýjum reglum um alþjóðanefndir sem forsætisnefnd samþykkti 19. maí 1999.

Alþjóðþingmannasambandið (IPU) heldur tvö þing á ári, en hvorugt þeirra féll á starfstíma 124. þings. Íslandsdeildin fylgdist með starfsemi innan ráðsins og vann að undirbúningi fyrir þátttöku í haustþingi sem haldið var í október.

Evrópuráðsþingið hefur aðsetur í Strassborg. Íslandsdeildin sótti báða þingfundi Evrópuráðsþingsins sem haldnir voru á 124. þingi, í júní og september. Stjórnmalanefnd Evrópuráðsþingsins fundaði jafnframt í Reykjavík í september.

Hvorki voru haldnir þingfundir né fundir í stjórnarnefnd NATO-þingsins á 124. þingi. Íslandsdeildin fylgdist með annarri starfsemi og sótti fulltrúi hennar tvo nefndarfundi á tímabilinu.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs sótti sumarfundi ráðsins í Kaupmannahöfn í júní. Haustfundir Norðurlandaráðs voru haldnir á Akureyri í september með u.þ.b. 120 þátttakendum. Formennska í Vestnorræna ráðinu var hjá Íslandsdeildinni þar til á ársfundi ráðsins í ágúst. Ársfundurinn var haldinn á Íslandi, á Brjánsstöðum, 9.–13. ágúst, með u.þ.b. 30 þátttakendum.

Alþingi á aukaaðild að þingi Vestur-Evrópusambandsins (VES-þinginu). Annað af tveimur árlegum þingum þess var haldið í París í júní og tók Íslandsdeildin þátt í því.

Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE-þingsins) sótti ÖSE-þing í júlí í Pétursborg.

Engin fundahöld voru hjá þingmannanefnd EFTA á 124. þingi. Íslandsdeildin fylgdist með þróun mála hjá ESB, Evrópuþinginu og EFTA og hóf undirbúning fyrir hauststarfið.

### Annað

Fundur norrænna fulltrúa í þingmannanefnd um norðurskautsmál var haldinn í ágúst og sótti fulltrúi Alþingis í nefndinni fundinn.



## Tækni- og upplýsingamál

Helstu nýjungar í starfsemi tölvudeildar á árinu 1999 voru endurnýjun tölvubúnaðar hjá öllum alþingismönnum og verulega aukin tölvuþjónusta við þingmenn.

Viðamiklar endurbætur voru gerðar á innri kerfum skrifstofunnar, einkum með endurnýjun netbúnaðar.

Árið 1999 var fyrsta heila starfsár upplýsingaþjónustu Alþingis sem skipulagseiningar innan upplýsinga- og tæknisviðs eins og gert var ráð fyrir með stofnun þess árið 1996. Fastráðnir starfsmenn deildarinnar voru fimm. Þrír bókasafns- og upplýsingafræðingar starfa við upplýsingavakt – bókasafn og tveir fulltrúar vinna við skjalaafgreiðslu. Auk þess starfaði nýútskrifaður bókasafnsfræðingur verkefnabundið við skráningu og upplýsingaþjónustu.

Á tölulegum upplýsingum (tafla 1 og 2) má sjá að upplýsingaþjónustan er mikið notuð af þingmönnum og starfsmönnum þingsins ásamt aðilum utan þingsins, svo sem nemum, lögfræðingum, starfsfólki ráðuneyta o.fl.

Fyrirspurnir og beiðnir um heimildaöflun sem afgreiddar voru af upplýsingavakt voru alls rúmlega tvö þúsund og heimildaleitir voru rúmlega fimmtán hundruð á árinu. Tæplega helmingur þeirra sem leita til upplýsingavaktar eftir heimildum og þjónustu eru utan þingsins en þjónusta við þingmenn og starfsfólk þingsins gengur fyrir. Fyrirspurnir frá utanaðkomandi berast gjarnan til bókasafnsfræðinga á upplýsingavakt þegar skjalaafgreiðsla eða aðrir innan þingsins anna ekki símsvörun og afgreiðslu við þennan hóp. Mislangan tíma tekur að afgreiða fyrirspurnir eða frá fimm mínútum upp í nokkra daga.

Á árinu var lokið við að skrá bóka- og skýrslueign þingsins, sem telst nú vera um 12.500 titlar, í bókasafnskerfið Gegni. Nú geta allir þeir sem á annað borð hafa aðgang að tölvum og netinu séð hvaða bækur eru til í bókasafni þingsins. Skráningin var unnin sem átaksverkefni af bókasafnsfræðinimum.



Úr afgreiðslu skjalavörslu og upplýsingaþjónustu Alþingis í Skólabrú 2.


**TAFLA I.  
FYRIRSPURNIR OG LEITIR  
HJÁ UPPLÝSINGAVAKT – BÓKASAFNI 1999**

	Fyrirspurnir		Heimildaleitir	
	Starfsmenn, þingmenn	Einstaklingar, stofnanir	Upplýsingaveitur	Safn
Janúar	112	116	76	44
Febrúar	124	126	116	53
Mars	138	168	109	59
Apríl	85	65	82	28
Maí	73	71	74	27
Júní	81	60	60	34
Júlí	62	63	61	25
Ágúst	58	107	71	20
September	84	58	99	35
Október	135	98	93	17
Nóvember	172	94	159	45
Desember	134	79	123	35
<b>Samtals</b>	<b>1258</b>	<b>1105</b>	<b>1123</b>	<b>422</b>

**TAFLA 2.**  
**ERINDI TIL SKJALAAFGREIÐSLU 1999**

Gestir	Fyrirspurnir í síma			Heildarfjöldi
	Starfsmenn, þingmenn	Einstaklingar, stofnanir		
Janúar	235	46	287	568
Febrúar	192	80	187	459
Mars	245	71	228	544
Apríl	129	24	122	275
Mái	69	12	105	186
Júní	84	62	126	272
Júlí	28	9	68	105
Ágúst	30	4	54	88
September	55	9	69	133
Október	231	69	100	400
Nóvember	154	60	139	353
Desember	134	55	139	328
<b>Samtals</b>	<b>1586</b>	<b>446</b>	<b>1485</b>	<b>3711</b>

**FJÖLDI GESTA 1999**



Jafnframt var safnið grisjað, aukaeintök afhent Landsbókasafni og elstu og verðmætustu bókunum komið fyrir í sérstakri geymslu. Uppflettirit og allra nýjasta safnefnið er við höndina í hús-næði upplýsingaþjónustu í Skólalabru. Aðrar bækur þingsins eru í geymslum.

Samningar hafa verið gerðir við innlendar og erlendar upplýsingaveitur og aðgangur að þeim tryggður fyrir starfsmenn og þingmenn á innri vef upplýsingaþjónustu sem er í stöðugri þróun.


Erindi sem afgreidd voru af skjalaafgreiðslu árið 1999 voru tæplega 4 þúsund en um 80% þeirra voru erindi frá aðilum utan þingsins.

Hjá skjalaafgreiðslu var hafin notkun bókhaldskerfisins Navision Financials við sölu og áskrift lausaskjala þingsins og Alþingistíðinda.

Upplýsingafulltrúar annast móttöku skólalabarna og annarra hópa sem vilja kynnast starfsemi Alþingis og skoða Alþingishúsið. Árið 1999 heimsóttu 4.792 manns Alþingishúsið og fjölgaði gestum um 450 frá því árið áður. Íslendingar, sem heimsóttu Alþingi, voru samtals 2.779 og erlendir gestir 2.013. Flestir íslensku gestanna eru skólanemendur. Mikill meiri hluti erlendu gestanna kemur á tímabilinu frá júní til nóvember.

Forseti Alþingis tekur einnig á móti fjölda gesta í Alþingishúsinu og eru gestir hans ekki taldir með í fyrrgreindum tölum, né eru þar taldir gestir sem koma á þingpalla til að hlýða á þingfundi.

## Skrifstofa Alþingis



### Yfirstjórn skrifstofu Alþingis

Samkvæmt þingsköpum (9. gr.) hefur forseti Alþingis æðsta vald í stjórnsýslu þess og heyrir skrifstofan því undir hann. **Skrifstofustjóri Alþingis** er yfirmaður skrifstofunnar, ráðinn af forsætisnefnd, og stjórnar hann skrifstofunni í umboði forseta.

Ásamt skrifstofustjóra mynda aðstoðarskrifstofustjóri og rekstrar- og fjármálastjóri **framkvæmdastjórn skrifstofunnar** („yfirstjórn“).

**Aðstoðarskrifstofustjóri** hefur yfirumsjón með þeirri starfsemi skrifstofunnar sem nánust er hinu eiginlega þingstarfi. Í því felst m.a. umsjón með undirbúningi þingmála og þingfunda. Hann er jafnframt staðgengill skrifstofustjóra Alþingis.

**Rekstrar- og fjármálastjóri** hefur umsjón með þeirri starfsemi er varðar daglegan rekstur þingsins og tengist ekki eiginlegum þingstörfum. Í því felst meðal annars yfirumsjón með fjármálum og starfsmannahaldi auk reksturs fasteigna. Rekstrar- og fjármálastjóra til aðstoðar er rekstrarskrifstofa.

Hlutverk **almennrar skrifstofu** er að vera forseta Alþingis, skrifstofustjóra og yfirstjórn skrifstofunnar til aðstoðar. Skrifstofan hefur því á hendi úrlausn sérhæfðra verkefna og sameiginlegt skrifstofuhald fyrir forseta, skrifstofustjóra og yfirstjórn. Forstöðu-

maður almennrar skrifstofu er ritari forsætisnefndar og annast undirbúning funda hennar.

Hlutverk **þingfundasviðs** er margþætt. Í stórum dráttum má segja að innan sviðsins falli allir þættir er snerta þingfundina, allt frá undirbúningi þeirra og hljóðupptökum að útgáfu umræðna.

Starfsmenn þingfundasviðs annast undirbúning þingfunda, sjá um áætlana- og dagskrárgerð og aðstoða þingmenn á þingfundum. Á þingfundasviði fer fram skráning þingskjala, uppfærsla gagnagrunns Alþingis um

þingmál og vinnsla gerðabókar þingsins.

Starfsmenn þingfundasviðs starfa við upptöku þingfunda og sjónvarpsútsendingu þeirra og vinna við innslátt og yfirlestur ræðna og útgáfu þeirra í Alþingistíðindum – ræðupartí (B-hluta) og á vef Alþingis, auk þess að sjá um vefútgáfu þingfunda almennt. Jafnframt er umsjón ýmissa upplýsinga á vef, t.d. upplýsinga um þingmenn, á ábyrgð þingfundasviðs. Þá er efnisyfirlit Alþingistíðinda unnið og gefið út á þingfundasviði og á 124. þingi kom út efnisyfirlit 122. þings. Enn fremur er umsjón með skjalavörslu þingsins og skjalasafni Alþingis alfarið á ábyrgð þingfundasviðs. Skrifstofur þingfundasviðs eru í þinghúsinu og Vonarstræti 8.

**Nefndasvið** Alþingis hefur tvö meginhlutverk. Annað er aðstoð við fastanefndir Alþingis. Í því felst allur undirbúningur að starfi nefnda, fagleg aðstoð við yfirferð mála og gerð nefndarálita og breytingartillagna. Þá aðstoðar nefndasvið þingmenn við þingmálagarð og veitir þeim og yfirstjórn þingsins lögræðilega ráðgjöf. Hitt meginhlutverk sviðsins er útgáfa þingskjala, bæði á prenti og á vefsíðum, og skjalaparts Alþingistíðinda (A-hluta), svo og uppfærsla og umsjón með útgáfu lagasafns. Einnig er veigamikill þáttur í starfi nefndasviðs að veita aðil-

um utan þings upplýsingar er lúta að nefndastarfi þingsins, bæði fulltrúum félagasamtaka og stofnana sem og einstaklingum. Skrifstofur nefndasviðs Alþingis eru í Þórshamri. Í því húsi eru jafnframt fundarherbergi fastanefnda þingsins, annarra en fjárlaganefndar sem hefur aðsetur í Austurstræti 14, 4. hæð.

**Upplýsinga- og tæknisvið** sameinar þær skipulagseiningar sem hafa mest með þau málefni að gera: almannatengsl, upplýsingaþjónustu og tölvudeild. Upplýsingaþjónusta sinnir skjalaafgreiðslu og upplýsingaþjónustu fyrir þingmenn og starfsfólk og rekur bókasafn Alþingis, almannatengsl annast vefritstjórn, ritstjórn kynningarefnis og móttöku gesta og tölvudeild rekur tölvunet og tölvu- og hugbúnað Alþingis og annast tillögugerð og framkvæmdir á sviði upplýsingakerfa og tölvumála.

Helstu verkefni **þjónustusviðs** eru þingvarsla, ritarþjónusta, símavarsla, rekstur mötuneytis og ræsting. Í þingvörslu felst ýmis almenn þjónusta, svo sem dreifing fundarboða og þingskjala, sendingar milli húsa, öryggisvarsla í Alþingishúsi og næturvarsla. Ritarar starfa í húsum þar sem þingmenn hafa skrifstofuaðstöðu. Miðstöð símavörslu er á aðalskiptiborði en nokkur milliskiptiborð eru í símkerfinu. Matstofa er í Alþingishúsi og annast starfsmenn í mötuneyti matar- og kaffiþjónustu fyrir þingmenn og starfsmenn Alþingis.

Hlutverk **alþjóðasviðs** er að sinna þjónustu við alþjóðanefndir þingsins, alþjóðastarfi sem heyrir undir forseta Alþingis og prótókollsmálum (siðareglum) almennt. Alþjóðasvið aðstoðar þingmenn við undirbúning fyrir þátttöku í alþjóðlegum fundum, annast samskipti við erlendar stofnanir og erindreka, sinnir gagna- og upplýsingaöflun og undirbýr alþjóðlega þingmannafundi sem haldnir eru á Íslandi. Þá skipuleggur alþjóðasvið opinberar heimsóknir til Alþingis og á þess vegum til annarra landa.

Meginverkefni **rekstrarskrifstofunnar** eru gerð rekstrar- og framkvæmdaáætlunar og umsjón með bókhaldi, ferðaheimildum og ferðauppgjöri auk móttöku og greiðslu reikninga. Rekstrarskrifstofa heldur utan um starfsmannamál og launavinnslu og annast rekstur og viðhald fasteigna ásamt húsbúnaði.

Á árinu 1999 var tekið í notkun nýtt bókhalds- og upplýsingakerfi, Navision Financials, fyrir Alþingi. Í upphafi var unnið við aðlögun kerfisins að þörfum Alþingis og í byrjun árs 2000 var tekið í notkun ferðauppgjörkerfi sem heldur utan um allar ferðaheimildir og utanlandsferðir. Kerfið heldur einnig utan um þingfararkostnað auk annars kostnaðar innan lands. Einnig var tekið í notkun nýtt eignaskráningarkerfi þar sem eignir Alþingis voru merktar með strikamerkjum og notuð til þess lófatölva. Með þessari nýju tækni var unnið ákveðið brautryðjendastarf. Öll kerfin er hægt að tengja innbyrðis og fylgir því mikið hagræði. Áfram verður unnið við þessa aðlögunarvinnu.

### *Starfsfólk*

Stöðugildi starfsmanna á skrifstofu Alþingis voru 92,8 í árslok 1999, að meðtöldu starfsfólki í afleysingastörfum vegna barnsburðarleyfa og veikinda. Í árslok 1998 voru stöðugildin 89,4. Ráðinn var tímabundið einn ritari á alþjóðasviði og hlutastarfsmaður á rekstrarskrifstofu. Karlar voru í 35,6 stöðugildum en konur í 57,2 stöðugildum.

Á árinu voru ráðnir 16 starfsmenn en 14 létu af störfum, þar af fóru tveir á eftirlaun.

Auk þessa unnu að jafnaði níu menn í hlutastörfum við ræstingar í húseignum Alþingis í samtals 7,2 stöðum. Þrír verktakar unnu við fjarvinnsluverkefni á þingfundasviði. Þá greiddi Alþingi laun ritstjóra og höfunda kristnisögu, verkefnis sem unnið var á vegum Alþingis, og einnig voru starfsfólki í Jónshúsi í Kaupmannahöfn greidd laun frá skrifstofunni. Þá annaðist skrifstofa Alþingis umsjón launa starfsmanns Vestnorræna ráðsins.

## Húseignir þingsins

Starfsemi á vegum Alþingis fer nú fram í 10 húseignum í miðborginni. Að auki er Jónshús í Kaupmannahöfn í umsjá Alþingis, svo og fræðimannsíbúð sem tengd er Jónshúsi. Þá leigir Alþingi geymsluhúsnæði í Faxaskála.

Í eigu Alþingis er allur reiturinn sem markast af Kirkjustræti, Templarasundi, Vonarstræti og Tjarnargötu ef frá er talið Vonarstræti 10 sem er í eigu Oddfellow-reglunnar. Þetta svæði er gjarnan kallað „Alþingisreiturinn“.

Alþingishúsið er við Kirkjustræti, nr. 14, en við Kirkjustræti standa þrjú önnur hús Alþingis, þ.e. nr. 6, Skjaldbreið, nr. 8, Blöndahlshús, og nr. 10, Kristjánshús. Blöndahlshús og Kristjánshús voru endurgerð fyrir um fjórum árum. Þá á Alþingi tvö hús við Vonarstræti, nr. 8 og nr. 12. Skjaldbreið er ekki lengur í notkun, og er framtíð þess húss óráðin. Einnig eru Skólalbrú 2 og Þórshamar við Templarasund 2 í eigu Alþingis. Alþingi leigir skrifstofuhúsnæði í Kirkjuhvoli við Kirkjutorg og í húsunum við

Austurstræti, nr. 12 og nr. 14. Í árslok 1999 tók Alþingi á leigu Austurstræti 8–10, 2.–5. hæð í byggingu sem verið er að reisa. Þá var 2. hæð Austurstrætis 10A tekin á leigu. Áformað er að nota húsnæðið að hluta fyrir fastanefndir Alþingis sem nú eru í Austurstræti 14 (fjárlaganefnd) og Þórshamri. Einnig verða skrifstofur fyrir þingmenn í húsinu. Verður væntanlega flutt í húsnæðið í byrjun árs 2001. Þá er áformað að selja Skólalbrú 2.

Húsnæði Alþingis þykir óhentugt sökum þess hve dreifð starfsemin er. Fyrirhugað er að byggja framtíðarhúsnæði Alþingis á „Alþingisreitnum“ og selja og losa úr leigu húsnæði utan reitsins. Engar fastmótaðar áætlanir liggja fyrir um hvenær og hvernig uppbyggingin verður. Hins vegar var hafin framkvæmd við fyrsta áfanga á árinu 1999, eitt þúsund fermetra þjónustuhús („Skála“) vestan Alþingishússins, auk 1.000 fermetra bílastæðis sem verður í kjallara. Innangengt verður milli Alþingishússins og Skálans.

## Sérstök verkefni

Jónshús í Kaupmannahöfn hefur verið í eigu Alþingis frá árinu 1967 er Carl Sæmundsen stórkaupmaður gaf það í minningu Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur, en þau hjón bjuggu í húsinu frá árinu 1852 til dauðadags, 1879. Húsið er í Öster Voldgade 12. Árið 1970 hófst rekstur í húsinu. Þar er nú félagsheimili Íslendinga í Kaupmannahöfn, minningarsafn um Jón Sigurðsson og Ingibjörgu og bókasafn. Einnig hafa Stúdentafélagið, Íslendingafélagið, íslenski söfnuðurinn og sendiráðspresturinn aðstöðu í húsinu. Þá er íbúð umsjónarmanns í húsinu, en þar var áður íbúð sendiráðsprests sem gegndi jafnframt stöðu umsjónarmanns.

Fyrir 10 árum var keypt íbúð í St. Poulsgade 70 fyrir fræðimann, en fræðimenn höfðu haft íbúð í Jónshúsi til þess tíma.

Stjórn Jónshúss ber ábyrgð á rekstri Jónshúss í umboði forseta Alþingis og forsætisnefndar.

Síðustu 10 ár hefur verið unnið að ritun sögu kristni á Íslandi í 1000 ár í tengslum við 1000 ára kristnitökuafmælið. Er verkefnið framlag Alþingis til hátíðarhaldanna. Kom verkið út í fjórum bindum í apríl 2000.

Alþingi veitir Þjóðvinafélaginu fjárstuðning til útgáfumála og annast bókhald þess. Þjóðvinafélagið var stofnað af Jóni Sigurðssyni 1871 og það heldur eitt félagi í landinu aðalfund sinn í fundarsal Alþingis.

## Stofnanir Alþingis

### *Umboðsmaður Alþingis*

Umboðsmaður Alþingis starfar samkvæmt lögum nr. 85/1997. Hlutverk hans er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnslu ríkis og sveitarfélaga og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins.

Umboðsmaður getur tekið mál til meðferðar eftir kvörtun eða að eigin frumkvæði. Nánar er kveðið á um hlutverk umboðsmanns í reglum nr. 82/1988, um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis, sbr. reglur nr. 106/1994.

Umboðsmaður Alþingis er kjörinn til fjögurra ára í senn. Á haustþingi 1999 var Tryggvi Gunnarsson, þá settur umboðsmaður, kjörinn umboðsmaður Alþingis til fjögurra ára, frá 1. janúar 2000 að telja. Fastráðnir starfsmenn umboðsmanns Alþingis voru fimm í árslok 1999.

### *Ríkisendurskoðun*

Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis samkvæmt lögum nr. 86/1997. Meginhlutverk stofnunarinnar er að endurskoða ríkisreikning og reikninga þeirra aðila sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins. Enn fremur skal hún annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Þá getur stofnunin m.a. framkvæmt stjórnslu- og umhverfisendurskoðanir.

Forsætisnefnd Alþingis ræður ríkisendurskoðanda til sex ára í senn. Sigurður Þórðarson var ráðinn í embætti ríkisendurskoðanda til næstu sex ára frá og með 1. júlí 1998. Fastráðnir starfsmenn voru 43 talsins í árslok 1999. Enn fremur voru á sama tíma í gildi samningar við 20 löggilta endurskoðendur eða skrifstofur um endurskoðun ríkisfyrirtækja og stofnana.





# *Rekstur Alþingis*



## Rekstrargjöld

Á fjárlögum fyrir árið 1999 voru 1.066 m.kr. ætlaðar Alþingi til reksturs, viðhalds og stofnkostnaðar. Að viðbætti fjárveitingu samkvæmt fjáruka-lögum 1999, 55,1 m.kr., nam heildarfjárveiting til Alþingis á árinu 1.121 m.kr.

Heildarútgjöld reyndust vera 1.114 m.kr. eða 7,3 m.kr. lægri en fjárheimildir.

Almenn rekstrarútgjöld námu 968,2 m.kr., rekstur og viðhald fasteigna 101,9 m.kr. og stofn-kostnaður og fjárfestingar (aðallega tölvur og hug-búnaður) 55,6 m.kr.

Bein útgjöld í tengslum við þingstörfín voru 583,0 m.kr. Er þá átt við laun alþingismanna, þing-


fararkaup og hvers konar bein útgjöld í tengslum við störf þeirra, innan lands og utan. Enn fremur er talinn kostnaður við störf fastanefnda og alþjóða-nefnda og erlend samskipti forsætisnefndar. Til þessa telst einnig prentun Alþingistíðinda og ann-arra skjala, svo og sérfræðileg aðstoð fyrir þing-flokka.

Launa- og starfsmannagjöld skrifstofu Alþingis námu 312,2 m.kr. Útgjöld við sérstök verkefni, svo sem Jónshús í Kaupmannahöfn, námu 23,5 m.kr. og sameiginleg útgjöld, þar á meðal rekstur tölvu- og hugbúnaðar og ýmis skrifstofukostnaður, námu 69,4 m.kr.

## Staðfesting forseta Alþingis og yfirstjórnar stjórnsýslu

Forseti Alþingis, skrifstofustjóri Alþingis og rekstrar- og fjármálastjóri staðfesta ársreikning Alþingis fyrir árið 1999 með áritun sinni.

Ríkisendurskoðun, 26. apríl 2000



Halldór Blöndal  
forseti Alþingis



Friðrik Ólafsson  
skrifstofustjóri Alþingis



Karl M. Kristjánsson  
rekstrar- og fjármálastjóri

## Áritun endurskoðenda

Forseti Alþingis.

Við höfum endurskoðað ársreikning Alþingis fyrir árið 1999. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1–24. Ársreikningurinn er lagður fram af yfirstjórn Alþingis og á ábyrgð hennar, í samræmi við lög og starfsskyldur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin fólst meðal annars í að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum og einnig athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Alþingis á árinu 1999 og efnahag 31. desember 1999, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 27. apríl 2000



Sigurður Þórðarson  
ríkisendurskoðandi



Sigurjón I. Haraldsson

## Rekstrarreikningur fyrir árið 1999

	Skýr.	1999	1998
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Sölutekjur .....		9.741.596	6.869.166
Aðrar tekjur .....		<u>2.104.105</u>	<u>1.856.040</u>
	Tekjur alls	<u>11.845.701</u>	<u>8.725.206</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Alþingiskostnaður .....	7.	439.898.183	351.951
Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka .....	8.	46.695.377	46.697.658
Fastanefndir .....		74.625.253	68.921.736
Alþjóðasamstarf .....	9.–10.	73.200.042	81.896.426
Almenn skrifstofa, yfirstjórn .....		35.198.505	29.647.932
Rekstrarskrifstofa .....		32.375.454	33.736.545
Þingfundasvið .....		66.991.283	71.355.445
Upplýsinga- og tæknisvið .....		66.158.208	53.178.572
Þjónustusvið .....		109.077.852	108.284.942
Sérverkefni .....		23.546.731	19.917.622
Rekstur fasteigna .....		<u>64.183.291</u>	<u>59.257.122</u>
		1.031.950.179	573.245.951
Viðhald fasteigna .....		37.717.729	12.792.208
Stofnkostnaður .....		<u>55.631.680</u>	<u>36.603.927</u>
	Gjöld alls	<u>1.125.299.588</u>	<u>622.642.086</u>
Tekjuafgangur (halli) án fjármagnsliða .....		<u>(1.113.453.887)</u>	<u>( 613.916.880)</u>
Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld) .....		<u>( 380.651)</u>	<u>( 465.810)</u>
Tekjuhalli án ríkisframlags .....		(1.113.834.538)	( 614.382.690)
Ríkisframlag .....		<u>1.121.126.000</u>	<u>977.200.000</u>
Tekjuafgangur .....		<u>7.291.462</u>	<u>362.817.310</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 1999

### Eignir:

	Skýr.	1999	1998
<b>Áhættufé:</b>			
Hlutafé Intís hf. ....		92.000	92.000
<b>Veltufjármunir:</b>			
Gjafabirgðir .....		516.087	0
Ríkissjóður .....		19.445.496	38.032.602
Viðskiptakröfur .....		38.545.993	2.325.187
Handbært fé .....		6.512.022	7.923.560
	Veltufjármunir alls	65.019.598	48.281.349
	Eignir alls	65.111.598	48.373.349
<b>Skuldir og eigið fé:</b>			
<b>Eigið fé:</b>			
Höfuðstóll í ársbyrjun .....		18.098.617	6.783.000
Endurmat ársins .....		840.629	98.265
Tekjuafgangur ársins .....		7.291.462	11.217.352
	Eigið fé alls	26.230.708	18.098.617
<b>Langtímaskuldir:</b>			
Realkredit Danmark .....		4.952.477	6.148.459
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Viðskiptaskuldir .....		33.928.413	24.126.273
Skuldbindingar utan efnahags .....	6.–8.		
	Skuldir og eigið fé alls	65.111.598	48.373.349

## Skýringar með ársreikningi

### Reikningsskilaaðferð

1. Reikningsskil Alþingis eru með sama hætti og almennt tíðkast hjá A-hluta stofnunum. Þannig eru áhrif almennra verðbreytinga á rekstur ekki færð í ársreikninginn. Eignir eru gjaldfærðar þegar þær eru keyptar og því ekki færðar upp í efnahagsreikningi. Eignaskrá er haldin um eignir Alþingis.

### Fjárheimildir og greiðslur

2. Fjárveitingar á fjárlögum til Alþingis námu samtals 1.066.000 þúsundum króna. Fjárheimildir ársins 1999 voru hins vegar 1.121.126 þúsundir króna. Yfirfærðar fjárheimildir frá fyrra ári voru 18.001 þúsund króna og nam heildarfjárheimild til ráðstöfunar því 1.139.127 þúsundum króna á árinu 1999. Fjárheimildir ársins 1999 skiptast eins og að neðan greinir eftir viðföngum:

<i>Í þús. kr.</i>	Reikningur 1999	Fjárheimild 1999	Fjárlög 1999
Alþingiskostnaður .....	439.898	440.000	386.100
Sérfræðiaðstoð þingflokka .....	46.695	46.700	46.700
Fastanefndir .....	74.625	68.072	67.500
Alþjóðasamstarf .....	73.200	65.700	65.700
Almennur rekstur .....	309.802	331.054	330.400
Sérverkefni .....	23.547	18.700	18.700
Rekstur fasteigna .....	64.183	57.600	57.600
Viðhald fasteigna .....	37.718	53.000	53.000
Stofnkostnaður, tæki .....	55.632	48.000	48.000
Fjármagnskostnaður .....	381		
Gjöld, fjárheimildir samtals	1.125.681	1.128.826	1.073.700
Sértekjur .....	( 11.846)	( 7.700)	( 7.700)
Gjöld, fjárheimild umfram tekjur	1.113.835	1.121.126	1.066.000

3. Gjöld ársins 1999 námu 1.113.834.538 kr. umfram tekjur og skiptast með eftirfarandi hætti niður á tegundir:

<i>Í þús. kr.</i>	1999	1998
Laun .....	635.793.979	538.974.046
Önnur gjöld .....	440.653.303	384.158.256
Tilfærslur .....	49.232.957	51.592.002
Gjöld samtals	1.125.680.239	974.724.304
Sértekjur .....	( 11.845.701)	( 9.155.685)
Gjöld umfram tekjur	1.113.834.538	965.568.619

Fjárhæðir eru á verðlagi hvors árs en verðhækkun milli árána 1998 og 1999 er metin þannig að laun hafi hækkað um 18%, sértekjur um 29,4% og önnur gjöld um 14,7%. Rekstrargjöld stofnunarinnar að frádregnum sértekjum hækkuðu um 148.266 þúsundir króna eða 15,4%.

*Launagjöld*

4. Launagjöld Alþingis skiptast í meginráttum í þingfararkaup alþingismanna og varamanna, svo og biðlaun annars vegar og laun starfsmanna Alþingis hins vegar. Þingfararkaup fellur undir liðina dagvinna og aukagreiðslur.

	1999	1998
Dagvinna .....	436.706.512	343.702.444
Vaktaálagsgreiðslur .....	4.309.871	4.348.813
Aukagreiðslur .....	71.886.356	54.589.147
Yfirvinna .....	23.498.580	51.022.123
Launatengd gjöld .....	<u>99.392.660</u>	<u>85.311.519</u>
Launagjöld samtals	<u>635.793.979</u>	<u>538.974.046</u>

Í árslok 1999 var fjöldi stöðugilda Alþingis um 169,3. Þar af voru stöðugildi alþingismanna 64,7 að meðtöldum varamönnum. Önnur stöðugildi voru 103,6, þar af 92,8 við skrifstofu Alþingis, 2,3 við ritun kristnisögu og 7,4 við ræstingu. Loks var 1 stöðugildi greitt fyrir Vestnorræna ráðið, en það er síðan endurgreitt af ráðinu. Hlutfall yfirvinnu af heildarlaunum var 3,7% en var 9,4% árið 1998. Hlutfall yfirvinnu af heildarlaunum er ekki samanburðarhæft milli ára vegna breytinga á launafyrirkomulagi.

*Skuldbindingar utan efnahags*

5. Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna stofnunarinnar eru áhvílandi. Í samræmi við reikningskilareglu A-hluta ríkissjóðs eru lífeyrisskuldbindingar ekki færðar í ársreikningum einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur eru þær færðar í einu lagi hjá ríkissjóði. Lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna stofnunarinnar hefur ekki verið reiknuð sérstaklega.

6. Orlofsskuldbinding

Í samræmi við reikningskilareglu A-hluta ríkissjóðs er áunnin orlofsskuldbinding í árslok ekki færð í ársreikningum einstakra A-hluta ríkisstofnana. Orlofsskuldbinding vegna starfsmanna stofnunarinnar frá maí til desember 1999 hefur ekki verið reiknuð sérstaklega.

7. Alþingiskostnaður

Þingfararkostnaður, fastar greiðslur, er starfskostnaður, ferðakostnaður í kjördæmi og húsnæðis- og dvalarkostnaður. Þingfararkostnaður, aðrar greiðslur, er ýmis kostnaður tengdur alþingismönnum, svo sem símakostnaður, ferðakostnaður innan lands, dagblaðakaup og tryggingar.

Þingfararkaup .....	294.745.716	216.691.007
Þingfararkostnaður, fastar greiðslur .....	86.824.156	84.459.456
Þingfararkostnaður, aðrar greiðslur .....	58.328.311	50.801.446

8. Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka

Ákvæði um sérfræðiaðstoð eru í lögum nr. 56/1971. Fjárveiting er samkvæmt fjárlögum.

	1999	1998
Þingflokkur Alþýðubandalags .....	1.015.217	6.335.156
Þingflokkur Framsóknarflokks .....	9.872.754	10.948.423
Þingflokkur Sjálfstæðisflokks .....	18.262.388	17.788.843
Þingflokkur Samfylkingarinnar .....	9.217.819	0
Samtök um kvennalista .....	507.609	2.052.830
Þingflokkur Jafnaðarmanna .....	2.030.435	8.211.318
Þingfl. Vinstri heyingarinnar – græns framboðs ..	4.459.019	0
Þingflokkur Frjálslynda flokksins .....	1.330.136	0
Félag frjálsra femínista .....	0	515.074
Þingflokkur óháðra .....	0	846.014
	<u>46.695.377</u>	<u>46.697.658</u>

9. Alþjóðasamstarf

Skrifstofa alþjóðasviðs aðstoðar þingmenn sem taka þátt í starfi alþjóðlegra þingmannasamtaka sem Alþingi á aðild að. Einnig aðstoðar skrifstofan forseta og forsætisnefnd og hefur umsjón með erlendum ferðakostnaði starfsmanna. Útgjöld við einstakar alþjóðanefndir þingsins eru fyrst og fremst ferðakostnaður, kostnaður við ráðstefnuhald og þátttökugjöld.

	1999	1998
Skrifstofa alþjóðasviðs .....	15.263.500	14.727.439
Íslandsdeild Norðurlandaráðs .....	15.891.285	16.896.698
Íslandsdeild NATO-þingsins .....	3.005.572	3.397.877
Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins .....	5.109.064	6.302.180
Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA .....	5.755.926	5.775.680
Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins .....	2.929.311	6.287.175
Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins .....	5.309.661	8.937.963
Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna .....	2.815.094	2.261.580
Íslandsdeild ÖSE-þingsins .....	1.717.714	1.141.757
Íslandsdeild Vestur-Evrópusambandsþingsins .....	1.416.944	1.709.900
Samstarf á vegum forseta og forsætisnefndar .....	13.114.258	14.473.090
Þingmannanefnd norðurheimskautsráðsins .....	721.967	0
Annað erlent samstarf .....	149.746	( 14.913)
	<u>73.200.042</u>	<u>81.896.426</u>

10. Alþjóðasamstarf á vegum forseta og forsætisnefndar

Útgjöld sem falla undir alþjóðasamstarf á vegum forseta og forsætisnefndar eru þrjúþætt. Í fyrsta lagi heimsóknir forseta Alþingis til erlendra þinga sem og aðrar opinberar heimsóknir sendinefnda frá Alþingi. Í öðru lagi eru móttökur erlendra gesta sem sækja Ísland heim í boði Alþingis. Í þriðja lagi er um að ræða fundi og ráðstefnur erlendis sem þingmenn sækja með sérstakri heimild forsætisnefndar.

Heimsóknir til útlanda .....	6.735.987	2.577.624
Ýmsir fundir og ráðstefnur erlendis .....	3.891.850	5.914.877
Móttaka erlendra gesta .....	2.486.421	5.980.589
	<u>13.114.258</u>	<u>14.473.090</u>